

Skákskóli Íslands kynnir:

Byrjenda- og framhaldsflokkar Skákskóla Íslands hefjast

21. janúar

Stundatafla

Byrjendaflokkur I: laugardagar 10:30 - 11:30

Byrjendaflokkur II: laugardagar 11:30 - 12:30

Byrjendaflokkur III: laugardagar 16:00 - 17:00

Framhaldsflokkur I: þriðjudagar 15:30 – 17:00, laugardagar 12:30-14:00.

Kennt verður í 13 vikur en frí um páska og helgina sem Íslandsmót Skákfélaga stendur yfir, 2.-4. mars.

Kennarar flokkanna eru hinir reyndu skákkennarar **Björn Ívar Karlsson, Stefán Bergsson og Torfi Leósson** auk þess sem stórmeistarar koma að kennslu allra flokkanna. **Nemendur Skákskólans** hafa í gegnum tíðina skarað fram úr á skáksviðinu og má nefna alþjóðlegu meistarana **Guðmund Kjartansson og Dag Arngrímsson** og svo helstu skákstjörnu Íslands **Hjörvar Stein Grétarsson landsliðsmann**.

Innifalið í námskeiðunum er kennsla, kennslugögn, heimaverkefni og umsjón með skákmótaþátttöku nemenda. Nemendum er vísað á skákmót við hæfi og veitt eftirfylgni á þeim skákmótum.

Verð: Byrjendaflokkur 14.000 kr. og framhaldsflokkur: 22.000 kr.

Skráning og fyrirspurnir á skakskolinn@gmail.com

Við skráningu er sendur tölvupóstur tilbaka um í hvaða flokki nemandinn verður. Skráningu skal fylgja fæðingarár nemanda, grunnskóli og hvaða skákæfingar/skáktíma nemandinn hefur sótt.

Námskeiðum lýkur 12. maí með uppskeruhátíð.